

## 8. Afmæli afa

<p><b>Markmið</b></p> <p>Að nemandinn læri að skilja og þjálfist í að nota</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• orð sem tengjast mat.</li><li>• orð sem tengjast veitingastöðum.</li><li>• orð sem notuð eru þegar fólk situr saman til borðs.</li><li>• mismunandi áhersluorð um velþóknun.</li><li>• mælieiningar við matreiðslu.</li></ul>	<p><b>Áherslupættir</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Matur.</li><li>• Kurteisisvenjur og hefðir.</li><li>• Skammstafanir og mælieiningar.</li></ul>
<p><b>Verkefni í pdf-formi</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Glósubókin.</li><li>• Mynd og orð / setningar.</li><li>• Fallbeyging (no. í kvk.).</li><li>• Mynda setningu.</li><li>• Skammstafanir (mælieiningar).</li><li>• Spurningar og svör.</li><li>• Uppskriftir.</li><li>• Sagnorð í nt. og þt.</li><li>• Hugarkort.</li><li>• Krossgáta.</li></ul>	<p><b>Gagnvirkt efni og pdf-efni á vef Námsgagnastofnunar</b></p> <p><b>Skólablaðið</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Greinaskrif – Uppáhaldsmatur: <i>Fæðuhringurinn</i>, Verði þér að góðu, <i>Á Veitingastað</i>.</li></ul> <p><b>Æfum íslensku</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Spurningakeppnin. Keppendur: <i>Fallbeyging</i>.</li></ul> <p><b>Leikur að íslenskum orðum:</b> Matur. <b>Gott og gagnlegt</b> (pdf). <b>Uppskriftavefurinn</b> <b>Hitt og þetta</b> (pdf).</p>
<p><b>Kennsluhugmyndir</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Skoða saman á netinu matseðla frá ýmsum veitingastöðum og bera saman.</li><li>• Búa til matseðil t.d. fyrir vikuna, mánuðinn, fyrir afmæli eða bekkjarkvöld.</li><li>• Samtal. Gefa vini/vinkonu uppskrift og æfa sig um leið í að nota mælieiningar rétt.</li><li>• Leikþáttur. Búa til samtal sem fer fram á veitingastað á milli gesta og þjóns.</li><li>• Orðabókin mín: Skrifa orð yfir mat, forrétti, aðalrétti og eftirrétti.</li></ul>	<p><b>Annað námsefni</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• <i>Málfræðibókin mín</i>, 1. hefti, 5. kafli.</li><li>• <i>Málfræðibókin mín</i>, 3. hefti, bls. 2–6.</li><li>• <i>Fallorðaspilið</i>.</li><li>• <i>Gott og gaman</i> – heimilisfræði fyrir byrjendur.</li><li>• <i>Hitt og þetta</i>: Skólamáltíðir í nokkrum löndum, bls. 52–56.</li></ul>

## 8. Afmæli afa

### GLÓSUBÓKIN

Íslenska

Annað tungumál

sjötugur

veislu: veisla

bauð: bjóða


í tilefni dagsins =

vegna (afmælis)dagsins

hlaðborð

í hádeginu: hádegi

# 8. Afmæli afa



 **Skrifaðu rétt orð við númerin.**

3 \_\_\_\_\_ 6 \_\_\_\_\_ 11 \_\_\_\_\_  
 8 \_\_\_\_\_ 4 \_\_\_\_\_ 7 \_\_\_\_\_

 **Skrifaðu stuttar setningar (3–5 orð) um myndirnar.**

1 \_\_\_\_\_  
 2 \_\_\_\_\_

 **Skrifaðu rétta setningu við myndirnar.**

Ísinn er í eftirrét.



Á matsaðlinum voru margir réttir.



Afi fékk sér svínasteik í aðalrétt.



Solla vill ekki súpu.



 **Dragðu strik milli orðanna. Hvað eru orðin mörg?**

t a n n s t ö n g l a r f o r r é t t u r a ð a l r é t t u r þ j ö n n k o k k u r g j ö f

Alls: \_\_\_\_\_ orð.



## 8. Afmæli afa



### Skoðaðu orðin vel!

Öll orðin eru í kvenkyni. Þau enda öll á **a** þegar þau eru í nefnifalli en á **u** í þolfalli, þágufalli og eignarfalli.

Lestu um fallbeygingar  
í kafla 5.



nefnifall	veisla	kaka	kleina	terta	lumma
þolfall	veislu	köku	kleinu	tertu	lummu
þágufall	veislu	köku	kleinu	tertu	lummu
eignarfall	veislu	köku	kleinu	tertu	lummu



### Skrifaðu rétt orð.



Ég ætla að fá mér eina \_\_\_\_\_ í viðbót!  
lumma



Og ég ætla að smakka á einni \_\_\_\_\_.  
kleina



Ég er bæði búin að fá mér \_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_.  
terta súkkulaðikaka



Það er alltaf gaman vera í góðri \_\_\_\_\_  
veisla



Ég vil fara í \_\_\_\_\_, mig langar í \_\_\_\_\_.  
veisla kleina



\_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_ eru góður eftirréttur.  
kleina lumma terta

Kærar þakkar fyrir mig! Ég mun ekki gleyma þessari skemmtilegu \_\_\_\_\_.  
veisla



### Raðaðu orðunum í rétta röð.

Mundu að setning byrjar á  
stórum staf og endar á punkti.

borðaði af ég pylsum mest

leist á vel öllum eftirréttina

var daginn afi með himinlifandi

hlaðborð fórum á við

## 8. Afmæli afa



**Manstu þetta?**

**Skrifaðu rétt svar.**

Þú getur fundið svörin í köflum 1–8  
í *Kæra dagbók 3*.

1. Hvað gerir Símon á mánudögum? \_\_\_\_\_
2. Hvenær koma amma og afi? \_\_\_\_\_
3. Hver fer með Snata á námskeið? \_\_\_\_\_
4. Hvar söng kórinn hennar Sonju? \_\_\_\_\_
5. Hvað þykir Símoni skemmtilegast í skólanum? \_\_\_\_\_
6. Hvert fer afi oft? \_\_\_\_\_
7. Hver fór með pabba, Sonju og Símonu að eldgosinu? \_\_\_\_\_
8. Af hverju þykir Símoni erfitt að sofna á kvöldin? \_\_\_\_\_
9. Hvað fékk afi í afmælisgjöf? \_\_\_\_\_
10. Hvar fékk mamma pönnukökuuppskrift? \_\_\_\_\_



**Dragðu strik frá skammstöfun að réttri mælieiningu.**

dl	matskeið
g	teskeið
kg	lítri
msk	desílítri
tsk	gramm
l	kíló



Þú getur notað skammstafirnar  
hér til hliðar.  
Þú getur fundið uppskriftir á  
Uppskriftavefnum, sjá [www.nams.is](http://www.nams.is)



**Skrifaðu hér uppskrift af uppáhaldsrétti.**


---

---

---

---

# 8. Afmæli afa



**Skóðuðu tölvubréfið til Diddu á bls. 14 í bókinni.  
Skrifaðu sagnorðin í þátið eins og þau eru í bréfinu.**

## nútið

- Við **gefum** afa gjöf.
- Hann **vill** ekki halda veislu.
- Amma **býður** okkur út að borða.
- Ég **borða** mest af pylsum.
- Sonja **er** hrifnust af forréttum.
- Mömmu **finnst** fiskurinn bestur.
- Sólveig **vill** bara harðfisk.
- Afi **fær** sér svínasteik.
- Við **getum** valið um eftirrétti.
- Við **erum** alveg að springa!
- Við **förum** heim.

## þátið

- Við \_\_\_\_\_
- Hann \_\_\_\_\_
- Amma \_\_\_\_\_
- Ég \_\_\_\_\_
- Sonja \_\_\_\_\_
- Mömmu \_\_\_\_\_
- Sólveig \_\_\_\_\_
- Afi \_\_\_\_\_
- Við \_\_\_\_\_
- Við \_\_\_\_\_
- Við \_\_\_\_\_



**Skrifaðu orðin á réttan stað.**

svínasteik	pönnukökur
þorskur	ávextir
pylsur	kjúklingur
ís	kleinur
ostakaka	hamborgari
nautasteik	súkkulaðikaka



aðalréttir


eftirréttir

## 8. Afmæli afa

 Hvað er fjölskyldan að tala um. Búðu til samtal. 



 **Krossgáta**



**Lárétt →**

6. Terta búin til úr skyri.
7. Peyttur og borðaður með kökum.
8. Kjöt af nauti notað í steik.
9. Borðaður með smjöri.

**Lóðrétt ↓**

1. Syndir í sjónum.
2. Borðað eftir aðalréttinn.
3. Steiktar á pönnu.
4. Steikt í feiti.
5. Steikt á pönnu og borðaðar með sykri og rjóma.